

SHALDÖR
skoðun 12



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is



MATSEÐILLINN FYLGIR
BLAÐINU Í DAG

ÍSLENSKA
HAMBORGARAFABRIKKAN

2010



FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

23. maí 2011
118. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

BEST LESNA
DAGLAÐ Á ÍSLANDI*
10
ÁRA
2001 - 2011

*Samkvæmt heimild: Síðisvísunin Genesent Cellus á maí - mars 2011



HUGAÐ AÐ FÉNU Mannskapur frá Múlakoti á Síðu, austan Kirkjubæjarklausturs, hugaði að fé sínu eftir að rofaði til af feikilegum öskubyl síðdegis í gær. Mennirnir voru með rykgrímur fyrir vitum eins og allir sem ætluðu að vera á ferli fyrir austan í gær. Hannes Jónsson á Hvoli í Fljótshverfi segir fé sitt hafa verið órólegt síðustu þrjá dagana fyrir gosið. „Þær fundu eitthvað á sér. Þær eru séðar,“ segir Hannes. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Óhemju öskufall í kröftugu eldgosi

Eldgos sem hófst í Grímsvötnum á laugardag var enn mjög öflugt í gær. Þótt nokkuð hafi dregið úr kraftinum mun aska geta dreifst víða um land og jafnvel borist til Evrópu síðar í vikunni. Búpeningur vestur og suður af eldstöðinni stóð af sér gríðarmikið öskufall.

ELDGOS „Við búumst frekar við að það dragi jafnt og þétt úr þessu gosi – nema það bætist við ný kvika neðan frá,“ segir Freysteinn Sigmundsson, jarðeðlisfræðingur um gosið sem hófst í Grímsvötnum á laugardag.

Krafturinn í gosinu í Grímsvötnum nú er talinn vera um tífalt meiri en í síðasta gosi í eldstöðinni árið 2004. Þótt mikið hafi dregið úr gosinu í gær var það samt enn mjög öflugt og auk þess stöðugt að sögn Freysteins. „Gosmökkur yfir tíu kílómetra hæð getur haldið áfram búa til ský sem aska

dreifist úr yfir stór svæði á Íslandi,“ segir hann.

Freysteinn segir að haldi gosið áfram af sama styrkleika og í gær megi búast við því, miðað við veðurspár, að aska berist suður til Evrópu.

Óhemju öskufall var í fyrrinótt og í gærmorgun allt frá Öræfum að Kirkjubæjarklaustri. Þjóðvegur 1 er lokaður frá Vík í Mýrdal að Freysnesi. Mikið af búpeningi var úti við og ekki hægt að huga að honum fyrr en nokkru eftir hádegi í gær. Virtust skepnurnar sleppa ótrúlega vel úr þessum hamförum.



Við búumst frekar við að það dragi jafnt og þétt úr þessu gosi

FREYSTEINN
SIGMUNDSSON
JARÐEÐLIS-
FRÆÐINGUR

„Þótt þetta hafi sloppið til núna ætla ég rétt að vona að fáum ekki meira af slíkri ofankomu,“ sagði Hannes Jónsson, bóndi á Hvoli í Fljótshverfi.

Á Núpum í Fljótshverfi, austan Kirkjubæjarklausturs, voru ferðamenn innlyksa í öskubylnum fram yfir hádegi. Ösku varð vart víða um land, allt frá Vestmannaeyjum norður til Akureyrar og frá Hornafirði til Reykjavíkur, sem í gærkvöldi var hulin dökku öskumistri sem lagði vestur yfir landið.

Talið er að gossprungan í Grímsvötnum sé fremur stutt, aðeins nokkur hundruð metrar. Magnús Tumi Guðmundsson jarðeðlisfræðingur segir líklegast að mesti krafturinn verði úr eldgosinu eftir nokkra daga. Sú gósvirkni sem þá verði eftir hafi líklegast aðeins áhrif í kring um eldstöðina á Vatnajökli.

„Þetta er einfaldlega eðli þessara gosa, flest gos eru öflugust til að byrja með, en svo dregur úr þeim þar til þau lognast út af,“ segir Magnús Tumi.

- gar / sjá síður 2-11

muundu
eftir
mjólkinni!



Litlar líkur á flugumferð um Keflavík í dag vegna öskuskýsins:

Mögulega hægt að fljúga til Akureyrar

ELDGOS Allt útlit var í gærkvöldi fyrir að loftrýmið yfir Keflavík-urflugvelli yrði lokað áfram í dag, en þó virtist möguleiki á að hægt yrði að opna Akureyrarflugvöll fyrir millilandaflogi.


„Við ætlum að vera klár í það, ef á þarf að halda, en flugfélögin verða að vísu að taka sínar rekstrarlegu ákvarðanir,“ segir Ásgeir Pálsson hjá Isavia, sem annast rekstur flugvallar á Íslandi.

Hann var í gærkvöld að hefja undirbúning að því að Akureyrarflugvöllur verði opinn í dag, en tók fram að allar spár geti breyst hratt.

Ákvarðanir um flug eru teknar með hliðsjón af spá bresku veðurstofunnar um dreifingu öskunnar í háloftunum, en sú spá er meðal annars byggð á upplýsingum frá Veðurstofu Íslands og uppfærð á sex tíma fresti.

- gb

Öskuspá á hádegi



Tarkett viðarparket

Verðdæmi:
Eik 3ja stafa kr. 3.990 m²

ÁLFABORG
Skútuvogi 6 - Sími 568 6755

20-50% afsláttur Kringlan

Kringlukast
Síðasti dagurinn
Opíð 10-18.30

Nýtt kortatímabil

SPURNING DAGSINS



Matthías, ertu byrjaður að leita að orðum sem ríma við „Grímsvötn“?

„Nei, ég hugsa að ég verði alveg rólegur með það og fari ekki að starta neinu trendi.“

Söngvarinn Matthías Matthíasson flutti lagið Eldgos, sem fjallaði um gosið í Eyja-fjallajökli, svo eftir var tekið í forkeppni Eurovision fyrir á árinu.

2

Pósturinn frestar breytingum á póstburðarþjónustu um óákveðinn tíma:

Bréf Póstsins kostuðu tæpa milljón

SAMSKIPTI Bréf sem Íslandspóstur sendi á heimili landsmanna í síðasta mánuði vegna fyrirhugaðra breytinga á útburðarþjónustu kostuðu fyrirtækið um 960 þúsund krónur. Í kostnaðinum felst efniskostnaður við um 60 þúsund bréf, umslög, prentun og ísetning. Kostnaður við útburð er undanskilinn í tölunni. Í bréfunum var tilkynnt að frá 15. maí yrði hætt að bera út póst til þeirra sem ekki væru með nafn sitt sýnilegt á bréfalúgu eða póstkassa heimilis síns. Pósturinn hefur nú frestað breytingunum.

Póst- og fjarskiptastofnun (PFS)



SETT Í PÓST Fyrirhugaðar áætlanir Íslandspósts fólu í sér að þeir sem ekki væru með merktu póstkassa eða bréfalúgur fengu ekki póstin sinn frá og með 15. maí síðastliðnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

beindi þeim tilmælum til Íslandspósts að fresta breytingunum eftir að kvartanir höfðu borist. Í tilkynningu frá PFS segir að stofnunin muni á næstu vikum vinna úr þeim athugasemdum sem borist hafa og skera úr um lögmæti þess að merking viðtakanda á bréfakassa sé forsenda fyrir útburði.

Anna Katrín Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri markaðs- og sölusviðs, segir Íslandspóst ekki hafa tekið ákvörðun um hvernig almenningur verði látinn vita um hvort eða hvenær nýjar útburðarreglur taki gildi. „En við komum því á einhvern hátt til fólks að þetta tekur gildi, ef til þess kemur,“ segir Anna Katrín.

- sv

Varð fyrir áreiti fyrir sjö árum:

Mun ekki kæra Strauss-Kahn

FRANKLAND, AP Kona, sem hefur sagt frá því að Dominique Strauss-Kahn hafi beitt hana kynferðislegu ofbeldi fyrir átta árum, hefur ákveðið að kæra hann ekki.

Lögfræðingur hennar greindi frá þessu fyrir helgi. Hann sagði að hún vildi ekki tengja mál sitt við það mál sem hann er ákærður fyrir í Bandaríkjunum nú.

Strauss-Kahn var sleppt úr fangelsi í New York fyrir helgi gegn tryggingu. Hann bíður réttarhaldna vegna tilraunar til nauðgunar.

- þeb



VEL ERN Guðríður Guðbrandsdóttir er 105 ára í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fagnar 105 ára afmæli:

Fer í leikfimi tvisvar í viku

FÓLK Guðríður Guðbrandsdóttir, íbúi í Furugerði 1, er 105 ára í dag. Hún fæddist á Spágilsstöðum í Dalasýslu 23.05.1906, sú sjötta í röðinni af ellefu systkinum. Lengst af vann hún fyrir sér sem vinnukona, við hreingerningar og þvotta, auk þess að selja eigið þrjónles.

Hún er vel ern, þótt sjónin sé farin að daprast, stundar leikfimi tvisvar í viku og tekur þátt í félagsstarfi eldri borgara.

Spurð hvað hafi breyst mest á þessum 105 árum segir Guðríður: „Ég held það muni nú mest um rafmagnið. Það létti lífið ansi mikið hjá fólki eins og mér sem vann við hreingerningar og þvotta.“

- fsb / sjá Tímamót bls. 14

Aðgerðir hertar í Líbíu:

ESB opnar skrifstofu í Bengazi

LÍBÍ, AP Evrópusambandið hefur opnað skrifstofu í Bengazi í Líbíu og þannig stofnað til formlega tengsla við uppreisnarmenn þar í landi.

Catherine Ashton, yfirmaður utanríkis- og öryggismálastefnu ESB, fór til Bengazi í gær. Hún opnaði skrifstofuna og lofaði langvarandi stuðningi við lýðræði í Líbíu. Hún ræddi einnig við leiðtoga uppreisnarmannanna.

Nató hefur aukið aðgerðir sínar í landinu um helgina og voru 49 loftárásir gerðar á laugardag. - þeb

Nota öndunar-færgrímur utanhúss. /Eskilegt að nota hlífðarföt.

Tilfinning um aðskotahlut

Augnsærandi kláði

Bráð augnbólga

Skrámur á sjónhimnu

Útferð og tárarensli

Ljósælni

blóðhlaupin augu

Nefrensli og erting í nefi

Særindi í hálsi og hósti

Innandyra

- Börn og þeir sem eru með öndunarfærásjúkdóma skulu halda sig innandyra.
- Loka gluggum og hækka í ofnum til að draga úr því að ryk smjúgi inn. Hugsanlega þarf að þétta glugga.

Utandyra

- Séu öndunarfærgrímur ekki tiltækar má nota **vasaklút** eða annan **klæðnað** sem heldur stærri ögnum frá.
- Ráðlagt að nota **hlífðargleraugu**.
- Gjóska getur verið varasöm vegna eldinga.

Fólk sem þjáist af lungnasjúkdómum, t.d. astma, getur fengið berkjubólgu sem vara í marga daga og lýsa sér í hósta, uppgangi og öndunarfæðileikum

Útivera er óráðleg

Grátt öskuský frá Grímsvötnum var komið til höfuðborgarsvæðisins í gærkvöldi. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur ráðleggur fólki að vera ekki mikið úti við.

„Við ráðleggjum fólki að vera ekki mikið úti við, að minnsta kosti ekki þeir sem eru viðkvæmir,“ segir Árný Sigurðardóttir hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Öskuský frá Grímsvötnum var komið til höfuðborgarsvæðisins í gær og vissara að sýna varúð.

„Eftir því sem jarðfræðingar segja er að vísu ekki mikið af hættulegum efnum í þessu, en það breytir því ekki að þetta er ertandi ef þetta berst í augu og öndunarfæri. Fólk ætti að minnsta kosti að passa sig á að vera ekki að erfiða mikið úti við. En ef fólk þarf að vera lengi úti við væri ráðlegt að vera með grímu,“ segir Árný.

„Maður finnur þetta í augunum og bryður þetta í tönnum. En veðurspáin er hagstæð eins og er, svo vonandi fýkur þetta burt í nótt. Þetta á að blása á haf út.“

- gb



ÖSKUGRÁTT MISTUR Íbúar á höfuðborgarsvæðinu urðu varir við öskufall og ertandi andrúmsloft í gærkvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Tímamót hjá breska hernum:

Farinn frá Írak

ÍRAK, AP Síðustu herdeildir Breta fóru frá Írak í gær og er aðild þeirra að hernaði í landinu því formlega lokið.

Flestar herdeildir Breta fóru frá landinu í júlí 2009 en sjóherinn var áfram með þjálfun fyrir íraska hermenn. Þegar mest lét voru 46 þúsund breskir hermenn í landinu.

Yfirmenn hersins minnstust í gær þeirra 179 bresku hermanna sem létust á þeim átta árum sem herinn var staðsettur í Írak.

Sprenngjárásur hefur fjölgað mikið í Írak í þessum mánuði og létust að minnsta kosti sextán í slíkum árásum í Bagdad um helgina. - þeb

Átt þú spjaldtölvu ?

Spjaldtölvur frá 19.800.KR

Með Android færðu **FRÍTT**

HUAWEI 3G netpungur 12.500

* Íslenskt skjáklaborð
* Götukort af Íslandi
* Office hugbúnað og gríðalegan fjölda af fríum hugbúnaði og leikjum á netinu.

Taktu þátt í framtíðinni !

2b.is

Erum á mótum IKEA í Gallery Art2b

Kauptún 3 - Garðabær - S:5 800 800 - www.2b.is

SA, SF og LÍÚ mótmæla frumvarpi sjávarútvegsráðherra:

Frumvarpið ávísun á áralangar deilur

SJÁVARÚTVEGUR Frumvarp sjávarútvegsráðherra um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu getur ekki orðið grundvöllur að sátt um rekstrargrunn sjávarútvegsins. Þvert á móti mun það kalla fram áframhaldandi deilur á komandi árum og verða til efni stöðugra breytinga á kerfinu. Þetta er mat Samtaka atvinnulífsins, Samtaka fiskvinnslustöðva og Landssambands íslenskra útvegmanna sem þó lýsa yfir samstarfsvilja við stjórnvöld.

Samtökin hafa sent sjávarútvegsráðherra umsögn sína um frumvarpið. Þar segja þau ekkert að finna í frumvarpsdrögnum sem líklegt sé til að bæta hag þeirra fyrirtækja sem starfa í sjávarútvegi. Það og fyrirsjáanleg átök séu ólíkleg til að leiða til nokkurs annars en verri afkomu greinarinnar og um leið rýra hag fyrirtækjanna, fólksins sem hjá þeim starfar, þjónustuaðila, sveitarfélaga og þjóðarinnar allrar.

Þá eru frumvarpsdrögin sögð ganga þvert á ítrekaðar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um að skapa sjávarútveginum góð rekstrarskilyrði til lengri tíma.

Loks lýsa samtökin miklum áhyggjum vegna þess



UMDEILT FRUMVARP Lítil sátt ríkir um frumvarp sjávarútvegsráðherra en þessa dagana skila hagsmunasamtök og aðrir af sér álitgerðum um frumvarpið.


FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

að ekkert mat er lagt á hugsanlegar afleiðingar af ákvæðum þessara frumvarpsdraga en von er á úttekt hagfræðinganeftardar um áhrif frumvarpsins í lok mánaðarins.

- þp

Eignastýring MP banka

ÁRANGUR OKKAR TALAR SÍNU MÁLI



Meðalávöxtun er 14,4% á síðustu 8 árum.*

Súluritið sýnir ávöxtun leiðar 1 hjá eignastýringu MP banka 2003-2010. Leið 1, varfærin stýring, má fjárfesta í skuldabréfum 50-100% og hlutabréfum 0-50%. Öll innlend hlutabréf leiðarinnar voru seld fyrir mitt árið 2008. Starfsfólk eignastýringar hefur vakandi auga fyrir nýjum tækifærum sem kunna að myndast á hlutabréfamarkaði á næstunni. Meðalverðbólga er 6,4% á síðustu 8 árum.

* Nafnávöxtun eignastýringarleiðar 1, 2003-2010 skv. útreikningi MP banka. Ávöxtun miðast við söfn í stýringu allt árið. Ávöxtun er sýnd án þóknana en þær eru mismunandi eftir stærð safna. Um 65% viðskiptavina eignastýringar MP banka eru nú í leið 1. Athugið að ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.

14,4%

Meðalávöxtun á síðustu 8 árum*

MP banki hefur langa reynslu af eignastýringu fyrir einstaklinga, félög og sjóði. Aðferðafræði eignastýringar MP banka hefur skilað viðskiptavinum framúrskarandi árangri óháð markaðsaðstæðum hverju sinni.

Kynntu þér eignastýringu MP banka á www.mp.is eða hafðu samband í síma 540 3200.



BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is

ELDGOS Í GRÍMSVÖTNUM

Gosin í Grímsvötnum koma í lotum:

Fjórða eldgosin síðan hléinu lauk

Gosin í Grímsvötnum nú er hið fjórða í Vatnajökli síðan 1996, en þá hafði verið hlé á gosum þar að mestu í meira en hálfa öld.

Gosin 1996 hófst 30. september og stóð til 14. október, en þá hófst gosin miðja vegin milli Grímsvatna og Bárðarbungu og bræddi 3,5 kílómetra langa sprungu í jökulinn. Hún fékk nafnið Gjálp, en þaðan streymdi vatn til Grímsvatna allt þangað til hlaup hófst í Skeiðará 5. nóvember. Hlaupið varð eitt hið stærsta í sögunni og skolaði burt brúnni yfir Gígju, olli verulegum skemmdum á Skeiðarárbrú og eyðilagði um 10 kílómetra kafla af þjóðvegnum yfir sandana. Raflínur og simalínur sópuðust einnig burt á stórum köflum og var tjónið á þeim tíma metið á um milljarð króna. Talið er að rennslíð í þessu hlaupi hafi numið 45 þúsund rúmmetrum á sekúndu.

Næst gaus í Grímsvötnum í desember 1998 og síðan aftur í nóvember 2004. Öll þessi þrjú gos í Grímsvötnum voru mun minni en gosin núna.


Síðustu 800 árin eða svo er vitað um að minnsta kosti sextu gos á



SKEIÐARÁRHLAUP Brúin yfir Skeiðará skemmdist mikið og brúin yfir Gígjukvísl sópaðist burt í hlaupinu 1996.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓK
eldstöðvakerfi Grímsvatna. Að sögn vísindamanna á Jarðfræðistofnun Háskóla Íslands eru Grímsvötn eitt öflugasta jarðhitasvæði jarðarinnar. Margt bendir til þess að virkni Grímsvatna komi í lotum, og standi hver lota í eina til eina og hálfa öld en síðan komi nokkurra áratuga hlé á milli.

Á rólega tímabilinu frá 1938 til 1996 varð reyndar að minnsta kosti eitt lítið gos í Grímsvötnum árið 1983. Einnig hefur verið leitt getum að því að lítil eldgos hafi átt sér stað þar í lok Grímsvatnahlaupa árin 1945 og 1954, þótt ekki sé vitað um það með neinni vissu.



Krafturinn tíu sinnum meiri en í síðasta gosi

Líklegt er að mestur kraftur verði úr eldgosinu í Grímsvötnum eftir nokkra daga. Gosin getur staðið mun lengur en þá er ólíklegt að áhrif af óskufalli nái mikið út fyrir Vatnajökul. Eldgosin nú er með stærri gosum í Grímsvötnum.

Eldgosin sem hófst í Grímsvötnum undir Vatnajökli á laugardagskvöld flokkast með stærri gosum í þessari virku gosstöð, og er margfalt öflugra en bæði síðasta gos í Grímsvötnum og gosin í Eyjafjallajökli í fyrra.

Fyrsta hálfu sólarhringinn var krafturinn í gosinu um tíu sinnum meiri en í síðasta gosi í Grímsvötnum, sem varð árið 2004, eða í Eyjafjallajökli á síðasta ári, segir Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands.

Hann segir erfitt að meta hversu lengi gosin muni standa. Miðað við sögu gosa í þessari eldstöð má þó búast við því að mestur kraftur verði úr gosinu eftir nokkra daga segir Magnús. Áfram getur kraumað í lengri tíma, en áhrifin munu þá varla verða mikil utan Vatnajökuls.

„Þetta er einfaldlega eðli þessara gosa, flest gos eru öflugust til að byrja með, en svo dregur úr þeim þar til þau lagnast út af,“ segir Magnús Tumi.

„Eftir nokkra daga er lang líklegast að það versta verði afstaðið og sú gosvirkni sem þá verði eftir hafi

„Eftir nokkra daga er langlíklegast að það versta verði afstaðið og sú gosvirkni sem þá verði eftir hafi aðallega áhrif á Vatnajökli.“

MAGNÚS TUMI GUÐMUNDSSON
JARÐEÐLISFRÆÐINGUR

aðallega áhrif á Vatnajökli,“ segir hann.

Eldgosin í Grímsvötnum er á sama stað og árið 2004. Magnús Tumi segir að sprungan sem gýs upp um sé ekki stór, nokkur hundruð metrar í mesta lagi.

Eldgosin kom jarðeðlisfræðingum ekki á óvart, þar sem jarðhræringar á svæðinu hafa verið afar svipaðar og fyrir gosin árið 2004 sagði Steinunn Jakobsdóttir, jarðeðlisfræðingur á Væðurstofu Íslands, á upplýsingafundi með sendiherrum erlendra ríkja hér á landi í gær.

„Það má segja að við höfum búist við þessu eldgosinu einhvern tíma á

næstu mánuðum,“ sagði Steinunn. Gos í Grímsvötnum eru alltaf sprengigösum sem geta þeytt gösefnu í mikla hæð. Þau verða þegar basísk kvikan í eldstöðinni kemur upp í vatni undir jöklinum. Þegar vatnið og kvikan blandast saman verður sprenging, sem sprengigösin eru kennd við.

Gos í Grímsvötnum eru yfirleitt fremur lítil samanborið við önnur gos. Oft verður þó talsvert óskufall vegna gosa í þessari eldstöð. Búast má við því að óskufallið verði mikið til að byrja með, þar til askan hefur hækkað gígbarmana svo mikið að vatn kemst ekki lengur að eldstöðinni, segir Steinunn. Eftir það má búast við því að hraunið renni án mikils óskufalls, svipað og þegar gaus á Fimmvörðuhálsi í fyrra.

„Venjulega sest mest af öskunni á Vatnajökul, hún er ekki veruleg fyrir utan jökulinn nema í stærri gosum,“ segir Magnús Tumi. „Þetta gos sem nú er í gangi flokkast með stærri Grímsvatnagösum, og er miklu stærra en þau gos sem hafa komið á síðustu árum.“

brjann@frettabladid.is


Virkur kafli hafinn í Grímsvötnum

Rannsóknir sem gerðar hafa verið á eldstöðinni í Grímsvötnum sýna að virkni hennar er mjög kaflaskipt. Þar koma 60 til 80 ára tímabil þar sem virkni er mjög mikil og oft ekki nema fimm til tíu ár milli eldgosa. Á móti koma álika löng tímabil þar sem lengra líður á milli gosa, oft 20 ár eða meira.

Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands, segir að nú virðist virkt tímabil í eldstöðinni hafið fyrir um fimmtán árum. Þar varð lítið gos árið 1983, og gos árið 1996 og aftur 1998. Síðast gaus þar árið 2004. Fyrir gosin árið 1983 var rólegasta tímabilið í sögu Grímsvatna, um 500 ár.

„Það þarf alls ekki að koma á óvart að það komi verulegt gos í Grímsvötnum þegar hrina eins og nú er hafið er komin vel af stað, þegar tíu til tuttugu ár eru liðin af henni,“ segir Magnús.

Eldstöðin í Grímsvötnum



SIEMENS

Uppvottavélar
nú á
tilboðsverði

Uppvottavél -SN 45M203SK
Tilboðsverð:
139.900 kr. stgr.
(Verð áður: 169.900 kr.)

SMITH &
NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

„The Diamond Standard“
uppvottavélatöflurnar frá
Finish fylgja með öllum
Siemens uppvottavélum.

VEÐURSPÁ




Elísabet
Margeirsdóttir
veður-
fréttamaður

LÆGIR Á MORGUN

Viðá stíf norðanátt á landinu í dag einkum við austurströndina. El eða slydduél á norður og austurlandi til morguns en annars úrkomulítið. Bjartast á suðvesturhorninu en þar verður líklega gluggaveður sökum vinds.

Á MORGUN
Lægir er líður á daginn.



HEIMURINN


Alicante	25°
Basel	25°
Berlín	20°
Billund	17°
Frankfurt	22°
Friedrichshafen	23°
Gautaborg	16°
Kaupmannahöfn	16°
Las Palmas	21°
London	17°
Mallorca	26°
New York	22°
Orlando	33°
Ósló	16°
París	21°
San Francisco	15°
Stokkhólmur	16°

Vindhraði er í m/s.
Hítastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Hvar er þínum séreignarsparnaði best borgið?

Hugsaðu dæmið til enda

Fáðu ráðgjöf í síma 595 3400



Allianz 
– tryggir þína peninga

ELDGOS Í GRÍMSVÖTNUM



Ævar Petersen fuglafræðingur um gosið:

Eitthvað af fugli mun drepast

„Það má alveg búast við að eitthvað af fuglum drepist,“ segir Ævar Petersen fuglafræðingur um áhrif Grímsvatnaöskunnar á fuglalíf. „En þetta fer eftir tegundum og því hversu lengi þetta varir,“ bætir hann við og segir smáa fugla og aðra fugla sem afla sér fæðu á landi verr setta en sjófugla sem geta leitað á haf út. Ekki séu allir fuglar farnir að verpa og margir geti endurtekið varpið. „En það er eins með fugla og kindur og mannfólkið, að ef þetta fer að standa yfir í margar vikur þá er allt í hættu.“

- gar

Athuganir benda til að lítil flúor sé í öskunni:

Búfé og gróður ættu að sleppa úr öskunni

„Það er erfitt að segja til um þetta núna því það er ekki búið að fá niðurstöður um hversu mikið sé af flúor og slíku í öskunni,“ segir Jón V. Jónmundsson sauðfjárræktarráðunautur um áhrif öskunnar úr Grímsvötnun og búfé og gróður.

Fram kom í gær að fyrstu athuganir bentu til þess að ekki sé mikill flúor í öskunni. Jón segir reynsluna frá gosinu í Eyjafjallajökli þá að áhrifin á gróður hafi frekar verið jákvæð en hitt. Hvað sauðfé varði sé hins vegar slæmt að setja þurfi það í hús eftir að ærnar eru bornar. „Spurningin



SAUÐFÉ Í HÆTTU Mikil þrengsl í fjárhúsum gætu leitt til sjúkdóma.

er fyrst og fremst um að þetta verði ekki langur tími. Að þrengja þannig að fé býður heim hættunni á sjúkdómum og öðru slíku.“ - gar



HESTI BJARGAÐ Anna Harðardóttir á Hörgslandi teymir á eftir sér hest sem var bjargað í hús síðdegis í gær, kaldur og hrakinn eftir að hafa verið fastur í drullu frá því kvöldinu áður.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gosórói í sauðkindum fyrir Grímsvatnagosið

Hannes Jónsson á Hvoli í Fljótshverfi austan Kirkjubæjarklausturs segir kindur sínar hafa skynjað að eitthvað var í aðsigi dagana fyrir gosið í Grímsvötnum. Þrátt fyrir að mest allt fé í Fljótshverfi hafi verið úti fannst ekkert af því dautt.

„Þetta sauðfé er með ólíkindum harðgert og búið að standa af sér margan hvellinn,“ sagði Hannes Jónsson, bóndi á Hvoli í Fljótshverfi, er hann kom inn síðdegis í gær eftir að hafa vitjað kinda sinna þegar loksins rofaði til í öskufallinu frá Grímsvötnum.

Guðný Marta Óskarsdóttir, eigin kona Hannesar, sagði hið gegndarlausu öskufall hafa komið þeim í opna skjöldu. Sauðburður sé langt kominn á Hvoli og mest allt fé hafi verið úti við. Hjónin hafi óttast að talsvert af skepnunum hefði drepist. Þegar ösköpunum linnu fannst þó ekkert dautt fé. Þvert á móti. „Þegar við komum út voru tvær ær bornar þrilembdar og tvær tvílembdar,“ sagði Hannes sem kvað með ólíkindum hversu vel kindurnar hefðu staðið áhlaupið af sér.

Lárus Helgason á Kálfafelli sagði svipaða sögu og Hannes. Útlitið hafi verið búsna svart en þegar að hafi verið gáð hafi ekkert fé reynst dautt. „Það virðist standa þetta nýborin lömb. Manni stórléttu að sjá hvernig það spjaraði sig,“ sagði Lárus.

Hjálparveitarmenn aðstoðuðu bændur

Hjálparveitarmenn fóru um í gær og heimsóttu fólk á bæjum á svæðinu sem verst varð úti í öskufallinu frá Grímsvötnum. „Eins og venjulega fóru þeir um allt og buðu fram aðstoð og gáfu fólki ráðleggingar. Þeirra framlag er algerlega ómetanlegt,“ segir Hjálmar Björgvinsson hjá Almannavörnum. Þegar rofaði til laust eftir hádegið var meðal annars dreift rykgrímum og hlífðargleraugum á öskusvæðinu. „Við höfum rekið okkur á það áður að þegar eitthvað svona stórt kemur upp er fólkið ein heild og allir hjálpast að.“

Guðný á Hvoli sagði að í gærmorgun hafi allt verið „kolbikasvart“ en að ekki hafi þó væst um heimilisfólkið. Átján erlendir ferðamenn af ýmsu þjóðerni hafi verið í næturgistingu í sérstöku húsi rúma eitt hundrað metra frá íbúðarhúsinu. Þeir hafi ýmist verið á leið lengra austur á land eða í vesturátt til höfuðborgarsvæðisins. Hannes fór í gegn um biksvartan öskusortann til að huga að gestunum sem ekkert reyndist ama að. „Ég fór nú þarna á milli aðallega eftir minni,“ sagði hann.

Hannes sagði fé sitt hafa verið mjög órólegt síðustu þrjá dagana fyrir gosið, sérstaklega á sjálfan gosdaginn. „Þær voru eirðarlaus-

ar og æddu um allt. Rolla sem var að bera kláraði það ekki fyrr en á fjórða staðnum. Þær voru allar á iði og fundu eitthvað á sér. Þær eru séðar,“ sagði Hannes.

Viðmælendur í Fljótshverfi voru sammála um að öskulagið eftir hrinuna í gær hafi verið á bilinu einn og hálfur til tveir og hálfur sentimetrar. „Þótt þetta hafi sloppið til núna ætla ég rétt að vona að fáum ekki meira af slíkri ofankomu,“ sagði Hannes.

Nú bíður stórhreingerning heimilisfólksins á Hvoli enda reyndist ómögulegt að halda öskunni úti. „Þetta smýgur inn um allt,“ sagði Guðný á Hvoli.

gar@frettabladid.is

KRYDDSMJÖR
gerir grillmat að hreinu lostæti!

HANDHÆGAR UMBÚÐIR

KRYDDSMJÖR

STÚDENTAGJAFIRNAR FÁST HJÁ JÓNÍ OG ÓSKARI



Stúdentarósin 2011
úr 14 kt gulli
kr. 16.400

Stúdentastjarnan 2011
úr 14 kt gulli
kr. 13.500
silfurhálsmen/-næla
kr. 5.900



40
JÓN & ÓSKAR 1971-2011

www.jonogoskar.is

LAUGAVEGUR / SMÁRALIND / KRINGLAN

Öllu flugi Ícelandair aflýst vegna eldgossins í Grímsvötnum:

Erum í óþægilega góðri æfingu

„Staðreyndin er sú að við erum í óþægilega góðri æfingu síðan í fyrravor. Það vefst ekki fyrir okkur hvað þarf að gera þegar svona lagað fer í gang,“ segir Guðjón Arngrímsson, upplýsinga- fulltrúi Ícelandair, um viðbrögð fyrirtækisins vegna eldgossins í Grímsvötnum. Hann bætir við að meðan framhaldið sé enn óljóst séu aðgerðir einungis skipulagðar hálfan dag fram í tímann. „Það er of snemmt að hugsa um langtíma-áhrifin. Nú fyrst í stað eru helstu verkefni sem þarf að leysa úr taktísk. Að ná sambandi við þúsundir viðskiptavina um allan heim, sem allir þurfa á sinni persónulegu



GUÐJÓN ARNGRÍMSSON



ERNA HAUKSÐÓTTIR

lausn að halda.“

Öllu flugi Ícelandair nú í morgun hefur verið aflýst, en alls voru um sex þúsund farþegar bókaðir í þau flug sem felld voru niður síðasta rúma sólarhringinn.

Guðjón fundaði í gærmorgun ásamt fulltrúum stjórnvalda og fleiri aðilum úr flug- og ferðapjónustu, en Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra varð innlyksa á Hornafirði og komst ekki á fundinn. Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðapjónustunnar, sem einnig var á fundinum, segir tilgang hans einkum hafa verið að fá réttar upplýsingar frá almannavörnum og gæta þess að réttum upplýsingum sé komið til skila til fólks, fyrirtækja og fjölmiðla, innanlands og utan. „Við vonumst bara til þess að gosið verði ekki langvarandi,“ segir Erna, en hópurinn fundar aftur fyrir hádegi í dag. - kg

GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ

NÚ ERU SÍÐUSTU FORVÖÐ AÐ SÆKJA UM GREIÐSLUUPPGJÖR

Frestur til að sækja um greiðsluuppgjör rennur út 30. júní 2011

Samkvæmt lögum um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri nr. 24/2010, geta lögaðilar og einstaklingar sem eru eða hafa verið í atvinnurekstri sótt um greiðsluuppgjör á virðisaukaskatti, staðgreiðslu tryggingagjalds, staðgreiðslu opinberra gjalda og þing- og sveitarsjóðsgjöldum sem gjaldféllu fyrir 1. janúar 2010.

Með greiðsluuppgjóri getur gjaldandi skuldbreytt vanskilum gjalda sem undir greiðsluuppgjórið falla, með því að gefa út skuldabréf til greiðslu vanskilanna. Skuldabréfið er til 5 ára með mánaðarlegum afborgunum og verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs en án vaxta. Fyrsta afborgun af skuldabréfinu er 1. júlí 2012.

Athygli skal vakin á því að umsækjandi greiðsluuppgjör skal vera í skilum með skatta og gjöld sem falla ekki undir greiðsluuppgjör.

Vakin er athygli á að heimilt er að stöðva atvinnurekstur vegna vanskila á virðisaukaskatti, staðgreiðslu opinberra gjalda og tryggingagjaldi.

Þá er þeim aðilum sem eru með gjaldfallnar skuldir í áðurgreindum sköttum bent á að umsóknarfrestur um greiðsluuppgjör rennur út 30. júní næstkomandi.

Á vef Tollstjóra eru ítarlegar upplýsingar um reglur og skilyrði greiðsluuppgjör ásamt umsóknareyðublaði.
<http://www.tollur.is/greidsluuppgjor>

Hafðu samband við innheimtusvið Tollstjóra áður en það er of seint.

<http://www.tollur.is/greidsluuppgjor>



TOLLSTJÓRI

TOLLSTJÓRI, Tryggvagötu 19, 101 Reykjavík, sími: 560 0300, fax: 551 6620, vefur: www.tollur.is



ELD GOS Í GRÍMSVÖTNUM

Ferðamenn fastir í öskuroki

Aska gerði ferðafólki sem sat fast á hótelinu á Núpum lífið leitt. Brynvarinn bíll barðist í öskumyrkri frá Öræfum með hlífðargleraugu og rykgrímur handa fólkinu. Um miðjan dag fór að létta til og víða mátti sjá bændur reyna að bjarga skepnum sínum.

Ellefu ferðamenn voru strand á Islandia Hóteli Núpum, skammt fyrir austan Kirkjubæjarklaustur eftir að gos hófst í Grímsvötnum. Hótelíð var í miðjum öskustróknum sem barst frá gosstöðvunum sem eru í norðaustur af því. Árla dags í gær var hótelið að fyllast af ösku og utandryra var svo myrkt af öskunni að maður greindi ekki eigin hendur. Þá var fjúkið svo mikið að augu og vit fylltust þegar af ösku. Reynt var eftir megni að byrgja glugga og dyr. Innan dyra var samt fram eftir degi eins og yfir lægi þoka, gestir með klúta fyrir vitum og geislar loftljósanna gáfu öllu draugalegan blæ. Úti í öskurokinu var kolniðamyrkur.

Maia Loinaz frá Montreal í Kanada blótaði því að hafa ekki haldið áfram til Reykjavíkur kvöldið áður þegar hún frétti að gosmökkurinn væri bara á afmörkuðu belti á suðausturhluta landsins. „Ertu að segja mér að það væri hægt að aka í hálf tíma og komast út úr þessu?“ spurði hún vantrúuð.

Maia er stódd hér með kærasta sínum að skoða landið. Á laugar-daginn voru þau í Skaftafell og fóru í gönguferðir í sólskininu. Þau ákváðu svo að vera nótt að Núpum. „Ergilegust er öll þessi bið og vita ekkert hvað maður á af sér að gera,“ sagði hún, en kvaðst þó alls ekki vera hrædd. Hún hafði þó ákveðnar áhyggjur af því að þurfa kannski að skilja eftir bílaleigubílinn og dót sem í honum er. „En við erum búnar að skemmta okkur mjög vel hérna,“ sagði hún. Ísland varð fyrir val-

inu sem áfangastaður hjá parinu vegna þess að það langaði til að komast í ævintýri í strjálbýli. Í fyrra sóttu þau nefnilega heim stórborgina Tókýó. „Og við vildum komast á einhvern veginn allt öðru vísi stað,“ sagði Maia. Og það tókst hjá þeim.

Laust fyrir klukkan tvö í gær kom svo að hótelinu brynvarinn björgunarsveitarbíll austan úr Öræfum með tvo innanborðs, Guðmund Ögmundsson, landvörð í Vatnajökulsþjóðgarði og Halldór Þorsteinsson frá Björgunarsveitinni Kára í Öræfum. Þeir komu færandi hendi með hlífðargleraugu, rykgrímur og málningarlímband þannig að staðarhaldarar gátu þétt betur dyr og glugga.

Ferðin að Núpum hafði sóst þeim seint og illa sökum þess hve blint var á leiðinni, að sögn Halldórs. Þannig höfðu þeir til dæmis í tvígang ekið fram hjá afleggjaranum að hótelinu þrátt fyrir að vera á sérútbúnum bíl með sterka ljóskastara,

Á Núpum var aðeins farið að birta til um tvö leytið og stuttu síðar heimilaði lögregla að fólk færi akandi út af svæðinu í vesturátt. Þá voru farnir að sjást í grámóskunni bílarnir á bílastæðinu, í um fimm til sex metra fjarlægð frá húsinu. Ferðamenn á svæðinu gripu tækifærið fegins hendi, en frá Islandia Hotel Núpum var haldið í sex bíla lest.

Á svæðinu austan Kirkjubæjarklausturs mátti svo sjá bændur huga að skepnum sínum, flytja til þeirra hey og reyna að koma kindum í húsi.

olikr@frettabladid.is



HJÁLPIN BERST Gestir á Islandia Hotel Núpum voruðu öndinni léttar þegar úr öskubylnum birtist brynvarinn björgunarsveitarbíll með grímur og hlífðargleraugu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



FRÉTTIR Á ENSKU Maia Loinaz og kærasti hennar frá Montreal í Kanada hlustuðu af athygli þegar voru fluttar voru, í lok hádegisfréttatíma Útvarps, fréttir af Grímsvatnagosinu á ensku.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



GOSVERKIN Helgi Pálsson, bóndi á Fossi á Síðu, færði skepnum hey um miðjan dag, en hann er með um 300 fjár. „Ef þetta verður ekki verra en núna, þá verður þetta í lagi,“ sagði hann, en margir óttuðust að kindur myndu drepast í stórum stíl í stríðu öskufallinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

EGF
HÚÐDROPAR

„Ég er alveg í skýjunum með þessa dropa ... get loksins farið að nota farða, hef ekki getað það í einhver ár.“

Aðalheiður Guðbrandsdóttir á Facebook

www.sifcosmetics.is

Atburðarásin

19.00



21. maí

17.30 Jarðskjálftamælar sýna aukinn óróa með upp-tök í eða nálægt Grímsvötnum.

19.00 Óróinn nær hámarki. Gosið er hafið og sést mökkurinn víða að.

21.00



20.05 Flogið með vísindamenn yfir svæðið og aðstæður kannaðar.

20.30 Gosstrókurinn mælist 20 kílómetrar.

21.00 Vegagerðin lokar veginum yfir Skeiðarársand af öryggisástæðum.

13.00



22. maí

8.30 Keflavíkurflugvelli lokað. Lokunin er byggð á spá frá bresku veðurstofunni.

9.00 Óróinn nær lágmarki.

10.00 Öllu flugi innanlands aflýst.

15.00



11.00 Samkvæmt mælum eykst óróinn að nýju en helst nokkuð jafn fram á kvöld. Sama má segja um gosstrókinn.

13.00 Gosmökkurinn mælist 13 til 15 kílómetrar.

15.00 Icelandair fellir niður öll flug fram til hádegis í dag.

FLUGAKADEMÍAN

Í Flugakademíu Keilis er lögð áhersla á nútímalega kennsluhætti og kennsluumhverfi. Flugfloti Keilis er bæði nýstárlegur og hátæknilegur.

EINKAFLUG

Námið veitir réttindi til að fljúga einshreyfils flugvél í flestum Evrópulöndum. Námið hentar bæði áhugamönnum og þeim sem hyggja á nám í atvinnuflugi.

FLUGUMFERÐARSTJÓRN

Námið undirbýr nemendur undir ábyrgðarmikið starf flugumferðarstjóra. Flugumferðarstjórnar starfa í flugturnum og flugstjórnarmiðstöðvum og starfið felur meðal annars í sér að sjá um samskipti við flugmenn og tryggja öryggi flugvéla.

ATVINNUFLUG

Námið undirbýr nemendur undir að stjórna farþegaflugvélum víðs vegar um heiminn og tekur mið af námsskrá sem er gefin út af JAA/EASA samkvæmt samevrópskri útgáfu flugskírteina.

NÝTT: Staðnám hefst haustið 2011.

FLUGÞJÓNUSTA

Námið veitir vottun á grunnþjálfun flugfreyja og flugþjóna í samræmi við kröfur EASA (EU-OPS1.1005) og er viðurkennt af Flugmálastjórn Íslands. Fyrir þá sem vilja auka atvinnu-möguleika sína í ferðageiranum enn frekar bætist við þjálfun í ýmsum greinum ferðapjónustu, þ.á m. innritun og afgreiðslu.



Keilir
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs
Leiðandi í flugkennslu

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 6. JÚNÍ

Nánari upplýsingar er að finna á www.keilir.net

40% AFSLÁTTUR



Verð nú **11.990**
Áður 19.990



Verð nú **29.900**
Áður 49.900



Verð nú **7.490**
Áður 14.990

50% AFSLÁTTUR



Verð nú **2.490**
Áður 4.990



Verð nú **2.490**
Áður 4.990

Verð nú **1.995**
Áður 3.990



Verð nú **2.390**
Áður 5.990



Verð nú **1.999**
Áður 4.990



Verð nú **1.590**
Áður 3.990



Verð nú **999**
Áður 3.490



Verð nú **1.990**
Áður 6.990



Verð nú **999**
Áður 3.490



Verð nú **999**
Áður 1.490



Verð nú **999**
Áður 3.490

70% AFSLÁTTUR

Electrolux

EWF-147580W Hraðþvottavél

Vönduð þvottavél hlaðin nýrri tækni og þægindum þ.a.m. TimeManager tímastjórnun, kolalaus mótur og 7 kg hleðslugeta.

- ✓ 1400 sn. stillanlegur vinduhræði
- ✓ LCD upplýsingaskjár, snertitakkar og valrofi
- ✓ Gufukerfi sem réttir úr krumpum og eyðir lykt.
- ✓ Framstillt gangsetning möguleg
- ✓ Stórt 30 cm hurðarop
- ✓ Öflugt handþvottakerfi
- ✓ DirectSpray úðar vatni yfir þvottinn
- ✓ Verð áður kr 159.900

TIME MANAGER
Þú ákveður þvottatímann, allt eftir hve óhreint taudið er. Allt að 70% tímasparnaður

ÞÚ SPARAR 30.000

Verð nú **129.900**

7 KG 1400 SN A++ ORKA

exquisit
WA-1010 Þvottavél 1000 snúninga þvottavél með stillanlegum vinduhræða

- ✓ Hraðval
- ✓ Ullakerfi og handþvottakerfi
- ✓ Stór hurð
- ✓ Tekur allt að 5 kg
- ✓ Framstillt ræsing möguleg
- ✓ A+/A/C einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og vindu
- ✓ Verð áður kr 74.900

21%

ÞÚ SPARAR 20.000

Verð nú **54.900**

ÖRFÁIR DAGAR EFTIR!

LAGER HREINSISUN

Electrolux

EKF-7000 Kaffivél

Alvöru kaffivél sem hitar vatnið uppi 96°C. Fékk bestu einkunn í gæðakönnun sænsku neytendasamtakanna TestFakta.

- ✓ 1400W hraðhitaelement
- ✓ Timer/klukka sem hægt er að stilla fram í tímann.
- ✓ AutoOff slekkur sjálfkrafa á sér eftir 2 tíma
- ✓ Aroma stilling tryggir betri bragðgæði
- ✓ Lagar alltað 10 bolla
- ✓ Verð áður kr 17.990

ÞÚ SPARAR 5.000

Verð nú **12.990**

96°C

Fékk hæstu einkunn hjá **TestFakta**

Electrolux

ENB-24100W Kæli- og frystiskápur

Hér þarftu aldrei aftur að affrysta frystinn. Hann sér um það sjálfur.

- ✓ 165 lítra kæli og 55 lítra frystir (nettó)
- ✓ Sjálfvirk affrýsting í kæli og frysti
- ✓ Björt lýsing
- ✓ HxBxD 168x55x60 cm
- ✓ Verð áður kr 149.900

1,68 m

ÞÚ SPARAR 50.000

Verð nú **99.900**

34%

1,69 m

ÞÚ SPARAR 20.000

Verð nú **69.900**

exquisit
KS-301 Kælisrápur 300 lítra kælisrápur í A+ orkuflokki

- ✓ HxBxD: 169x55x58 cm
- ✓ Verð áður kr. 89.900

exquisit

GSP-909EAL Uppþvottavél

Áðeins 45 cm breið uppþvottavél með mörgum góðum þvottakerfum

- ✓ A/A+ einkunn fyrir þvottagæði, orku og burrkun
- ✓ Hljóðlát, aðeins 49 dB(A)
- ✓ HxBxD: 85x45x58 cm
- ✓ Verð áður kr 84.900

45 cm

ÞÚ SPARAR 25.000

Verð nú **59.900**

AEG

F-50870U Uppþvottavél

Ein sú besta frá AEG með óviðjafnanlegri hljóðeinangrun, einstök þvottagæði og lúxus innrétting.

- ✓ 5 þvottakerfi þ.a.m. hraðkerfi og pottakerfi og glasakerfi
- ✓ 4 hitastig 45-70°C
- ✓ Aqua Sensor óhreineikaskynjari
- ✓ 3 þvottaarmar
- ✓ Mjög öflug vatnsleikavörn
- ✓ Án toppplötu
- ✓ Verð áður kr 159.900

3 þvottaarmar Ofurhljóðlát

45 dB

ÞÚ SPARAR 30.000

Verð nú **129.900**

Rafha ehf

Opið virka daga 10-18 laugardaga 11-16

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík Sími 5880500 www.rafha.is



ELDGOS Í GRÍMSVÖTNUM

Flugvél Gæslunnar biluð:
Í loftið í dag

Flugvél Landhelgisgæslunnar, TF-SIF, hefur ekki geta flogið að Grímsvötnun vegna bilunar í nefhjól. Vonir standa til að viðgerð ljúki í dag svo hægt verði að nýta fullkominn tækjabúnað vélarinnar til að fylgjast með gosinu.

Vísindamenn fengu mjög nákvæmar upplýsingar um gosið í Eyjafjallajökli úr mælitækjum vélarinnar. - bj

Eldgosið lokar hringvegnum:


Loka þjóðvegi til morguns

Veginum milli Freysnes og vestur fyrir Kirkjubæjarklaustur var lokað í gær vegna gríðarlegs öskufalls frá eldgosinu í Grímsvötnum.

Síðdegis í gær var veginum lokað allt frá Vík í Mýrdal. Að sögn Hjálmar Björgvinssonar hjá Almannavörnum voru menn inni á svæðinu sjálfu varaðir við því að vera á ferli nema mjög brýna nauðsyn bæri til og láta þá vita af ferðum sínum. Hjálmar sagði að þrátt

fyrir að veginum hafi verið lokað nokkuð vestan við Kirkjubæjarklaustur hefði þeim sem komið hefðu akandi úr vestri í gær og ekki ætlað lengra en á Klaustur verið hleypt í gegn.

Aðspurður sagði Hjálmar ekki vita til þess að nokkur hafi farið á svig við fyrirmæli yfirvalda í þessum efnum. „Fólk virðir þetta sem betur fer,“ sagði hann. - gar



SJÓNARSPIL Ótal eldingar sáust í gosmekkinum í gær. Hann sést hér frá Vatnajökli, en jeppamenn óku upp á jökulinn og komust nálægt eldstöðinni.

MYND/JÓN ÓLAFUR MAGNÚSSON

TENÓRARNIR 3

OG EINN Í ÚTRÁS

AUKATÓNLEIKAR Í HÖRPU
MÍÐASALA HEFST KL.12



FÖSTUDAGINN 3. JÚNÍ KL. 20.00



JÓHANN FRÍÐGEIR
GISSUR PÁLL
DIDDÚ OG ÓSKAR PÉTURSSON - ÓPERUKÓRINN Í REYKJAVÍK

GARÐAR THÓR CORTES
SNORRI WIUM

MÍÐASALA
Í HÖRPU
OG Á
HARPA.IS

Félagar í fjallaklúbbsi sáu gosmökkinn myndast:

Voru á leiðinni af jöklinum þegar gosið hófst

Félagar úr fjallaklúbbsnum 24x24 á Akureyri voru á Vatnajökli þegar gosið hófst og létu vita af því.

„Við vorum þarna tíu félagar sem vorum að ganga á Miðfells-tind í Vatnajökli,“ segir Ragnar Sverrisson. „Við byrjuðum að labba klukkan tvö aðfaranótt laugardags og vorum á fimmtán tíma labbi. Þegar við komum niður af tindinum keyrðum við að Kirkjubæjarklaustri. Það var alveg heiðskirt og við horfðum á jökulinn þegar eitt okkar í bílnum sagði: „Sjáið þið hvíta skýið sem kemur upp úr jöklinum.“ Annað sagði þá að það kæmu ekki ský upp úr jökli,“ segir Ragnar. Skýið hækkaði og hækkaði svo hópurinn ákvað að stoppa bílana. „Við horfðum á þetta og fórum að taka myndir og föttuðum að þetta væri gos. Svo bara biðum við og horfðum í hálf-tíma og sáum þetta hækka. Þetta fór mörg þúsund metra upp í loftið meðan við vorum þarna.“

Hópurinn lét vita af því sem hann hafði séð þegar á Hótel Laka á Kirkjubæjarklaustri var komið, og þar var gist aðfaranótt sunnudags. „Þegar við vöknudum klukkan átta sagði eitthvert okkar að við yrðum nú að sofa lengur því það væri enn hánótt. Þá var svo mikið

Um 2.200 eldingar á klukkustund

Gríðarlegur fjöldi eldinga hefur mælst í gosmekkinum frá eldgosinu í Grímsvötnum. Um fimmtán þúsund eldingar mældust á mælum Veðurstofu Íslands fyrstu átján klukkustundir gossins. Á þeim 39 dögum sem gosið í Eyjafjallajökli stóð mældust 790 eldingar í mekkinum.

Mest hafa mælst 2.198 eldingar á einni klukkustund, þúsund sinnum meira en þegar mest var í gosmekkinum frá Eyjafjallajökli, að því er fram kemur á vef Veðurstofunnar. Það þýðir að á hverri mínútu mynduðust 37 eldingar, eða ríflega ein elding á hverjum tveimur sekúndum. - bj

myrkur að við áttuðum okkur ekki strax.

Viðar Sigmarsson var einnig í hópnum og þurfti að fara út í gærmorgun. „Bíllinn var kannski fjóra metra frá okkur og ég var bara gjörsamlega gráhærður þegar ég kom til baka. Það var aska alls staðar, maður sá ekki handa sinna skil.“ - þeb

Pantaðu fría landslagsráðgjöf í dag!

Inga Rut Gylfadóttir og Björk Guðmundsdóttir, landslagsarkitektar FÍLA, hjálpa þér við að skipuleggja draumagarðinn þinn þér að kostnaðarlausu.

Pantaðu tíma og fáðu nánari upplýsingar hjá söludeild Steypustöðvarinnar í síma

4 400 400



STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Hringhellu 2
221 Hafnarfjörður

Hrísmýri 8
800 Selfoss

Malarhöfða 10
110 Reykjavík

sími 4 400 400
www.steypustodin.is



ELDGOS Í GRÍMSVÖTNUM



VEL BÚINN Grímur og hlífðargleraugu voru nauðsynleg í öskufallinu.

Tvær fjöldahjálparstöðvar: Aðstoð austan og vestan goss

Almannavarnir opnuðu í gær tvær fjöldahjálparstöðvar vegna gossins í Grímsvötnum. Önnur stöðin er á Kirkjubæjarklaustri og hin í Hofgördum í Örafum. Fyrst og fremst hefur fólk leitað aðstoðar þar fram til þessa í gegn um síma og fengið upplýsingar um þróun gossins og ráðleggingar um viðbrögð við öskufallinu. Ekki stóð til í gær að opna hús með neyðargístaðstöðu eða flytja fólk af svæðum.

Ekkert pat á fólki í Freysnesi: Þýðir ekkert að vera órólegur

„Við erum alveg róleg hér, það þýðir ekkert annað,“ sagði Hafdís Gunnarsdóttir í Freysnesi í Örafum eftir kvöldmatarleytið í gær. Hafdís sagði um áttatíu manns hafa gisti í Freysnesi og Skaftafelli aðfaranótt sunnudags. Vegurinn þaðan og til vesturs er lokaður. „Flest þetta fólk fór austur á land til að fara norðurleiðina suður,“ sagði Freydís. Aðspurð sagði hún engar skepnur þar í sveitinni hafa drepist svo vitað væri. Bjart var orðið yfir Freysnesi þegar rætt var við Hafdís. „En hér er mikilaska yfir öllu svo ef það hreyfir vind þá verður allt svart aftur.“



BOLI Snjóbillinn við rætur Skálafellsjökuls klukkan 16 í gær.

Jarðvísindamenn á Vatnajökli: Gæti teygst í tvo til þrjá daga

Boli, snjóbill Hjalparsveitar skáta í Reykjavík, hélt í leiðangur á Vatnajökul um sjöleytið í gærkvöldi með fjóra jarðvísindamenn frá Raunvísindastofnun Háskólans. Ætlunin var að kanna aðstæður og taka sýni í námunda við gosið. Gunnar Kr. Björgvinsson úr hjálparveitinni sagði aðstæður þokkalegar nálægt gosstöðvum. Það velti á aðstæðum hversu lengi leiðangursmenn yrðu á jöklinum, en það gæti mögulega teygst upp í tvo til þrjá daga.

Bændur undir Eyjafjöllum: Ekki eins alvarlegt og í fyrra

„Við erum í svolitlu mistri hérna,“ sagði Katrín Birna Viðarsdóttir á Ásólfskála undir Eyjafjöllum þegar Fréttablaðið náði tali af henni síðdegis í gær. „Það er komin smá himna yfir allt. Bílarnir eru að verða brúnir.“ Hún segir bændur undir Eyjafjöllum þó ekki farna að búa sig undir verra ástand. „Ekki miðað við spána eins og hún er núna. Við höldum að þetta verði ekkert alvarlegra en það er orðið, og miðað við það sem við fengum að kynnast í fyrra finnst okkur þetta ekkert alvarlegt.“

Reynslan af gosinu í Eyjafjallajökli varð til þess að reglum alþjóðlegra flugmálayfirvalda var breytt:

Viðmiðunarmörk blindflugs voru tífolduð


Reglum um flug í gegnum öskusvæðið var ekki mikið breytt eftir reynsluna af gosinu í Eyjafjallajökli í fyrra. Þetta segir Ásgeir Pálsson, framkvæmdastjóri flugrekstrarsviðs Isavia.

„Það sem breyttist var það að mettunarmörkin fyrir blindflug voru hækkuð úr 200 míkrogrömmum á rúmmetra í 2000 míkrogrömm. Þau voru sem sagt tífolduð, en það var talið óhætt með því að um leið yrði fylgt ströngum

reglum um viðhald á vélum og eftirlit.“

Gosið í Eyjafjallajökli setti mikinn þrýsting á flugframleiðendur um að gefa upp hve mikið öskumagn hreyflarnir og vélnir þola.

„Sá mökkur, sem hefur verið hér, er nú þegar kominn vel yfir 2000 míkrogramma mörkin. Megnið af því svæði sem hefur verið lokað er með yfir fjögur þúsund míkrogramma mettun.“



„Að geta ferðast til framandi landa til að upplifa eitthvað alveg nýtt.“

Ný íbúðalán

Hvað skiptir þig máli?

Það skiptir máli að geta fengið íbúðalán á góðum kjörum. Þess vegna bjóðum við hjá Arion banka viðskiptavinum okkar ný íbúðalán.

Um er að ræða verðtryggt íbúðalán með föstum 4,3% vöxtum í 25 eða 40 ár.

Komdu við í næsta útibúi eða reiknaðu þitt dæmi á arionbanki.is.



„Að bankinn minn vinni með mér að markmiðum mínum.“



„Það skiptir máli að hafa aðgang að íbúðalánum á hagstæðum kjörum.“

Sigríður Dögg Arnardóttir
28 ára



„Að heimilið mitt endurspegli það hver ég er.“



4,3%

„Að geta boðið vinum mínum í eftirminnileg matarboð.“



Hafðu samband við okkur í síma 444 7000, á arionbanki.is eða komdu í næsta útibú. Við tökum vel á móti þér.



Er brennisteinsmengunin hættuleg?

Unnið fyrir opnum tjöldum

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, svo og Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis, hafa gert alvarlegar athugasemdir við frummatsskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur vegna fyrirhugaðrar jarðhitavinnslu við Gráuhnúka í Bláfjöllum.

Eftirlitsstofnanirnar telja að áhrif hugsanlegrar brennisteinsmengunar frá orkuvinnslunni séu stórlega vanmetin. Eingöngu sé stuðzt við spálíkön í stað þess að nota rannsóknir og mælingar, sem þó liggi fyrir. Ekkert sé fjallað um hugsanleg áhrif á stærsta íbúasvæði landsins, höfuðborgarsvæðið, sem þó sé skammt undan. Þá sé ekkert fjallað um veðurfar, en í austanáttum leggi brennisteinsfnykinn yfir borgina. Þá sé ekki fjallað um nýlegar rannsóknaniðurstöður, sem bendi til að tengsl séu milli vaxandi brennisteinsmengunar og meiri notkunar astma- og hjartalafyfa.

Íbúar höfuðborgarsvæðisins, að minnsta kosti eystri hverfanna, þurfa ekki að vera sérfróðir um umhverfismál til að átta sig á að brennisteinsmengun er stórakið vandamál eftir að Hellisheiðarvirkjun var tekin í notkun. Í logni má oft finna megnabrennisteinslykt og sumir eru alveg hættir að hafa ættarsilfrið uppi við vegna þess hvað fellur orðið hratt á það.

Þetta eru hvort tveggja afleiðingar, sem hugsanlegt er að lifa með, sérstaklega af því að virkjunin er náttúrulega höfuðborgarbum til hagsbóta. Hitt er miklu alvarlegri spurning, hvort brennisteinsmengunin hefur áhrif á heilsufar fólks. Eins og fram hefur komið í fréttaskýringum Fréttablaðsins undanfarna daga eru langtímaáhrif brennisteinsvetnis í fremur litlu magni á heilsu fólks lítið rannsökuð.

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra ákvað í fyrrasumar að setja reglugerð, sem setur leyfileg mörk brennisteinsvetnis talsvert lægra en Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, WHO, miðar við. WHO-viðmiðið er sett með tilliti til bráðaáhrifa á augu, en ekki langtímaáhrifa á heilsu fólks sem býr við mengunina að jafnaði eins og höfuðborgarbum gera nú. Ráðherra taldi vegna óvissu um langtímaáhrifin nauðsynlegt að setja mörkin nógu lágt til að almenningur nyti vafans. Þessu mótmæltu samtök orkufyrirtækja, en hyggjast þó að sjálfsögðu uppfylla skilyrði reglugerðarinnar.

Til þess hafa þau þrjú ár og á þeim tíma þarf meðal annars að meta hvort þróun nýrrar tækni, sem byggist á að skilja brennisteinsgasíð frá gufunni og dæla því aftur niður í jörðina með affallsvatni, skilar árangri. Ef ekki, þarf að kaupa hreinsibúnað sem getur kostað OR allt að tíu milljörðum króna.

Í þessu máli er nauðsynlegt að læra af díoxín-hneykslinu varðandi mengun frá sorpbrennslum. Almennigur á að njóta vafans og ákvarðanir um meiri orkuvinnslu eiga að byggja á rannsóknum og mælingum, en ekki einhverju sem menn halda. Síðast en ekki sízt á að fjalla um málið algjörlega fyrir opnum tjöldum og miðla rannsóknaniðurstöðum rækilega til almennings. Hinu verða menn líka að átta sig á, að verði viðunandi mengunarmörk dýrar, getur það þýtt að almenningur þurfi að borga meira fyrir orkuna.

FRÉTTABLAÐIÐ
 ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Edwald
 RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is
 Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

BioVinci D-vítamín
 Vítamínið sem allir eru að tala um



Fæst í apótekum

FRÁ DEGI TIL DAGS

Og allir bara sáttir?

Sáttahugur getur átt sér margar birtingarmyndir en vinstri græn buðu upp á athyglisvert afbrigði á flokksráðsfundi sínum sem haldinn var um helgina. Fyrst var lögð fram tillaga um ályktun þess efnis að úrsögn þremmenninganna frægu á dögum væri hörmuð og stjórnlagaráð hvatt til að skoða hvort þingmenn ættu að halda sæti sínu á þingi eftir að hafa sagt sig úr þeim þingflokki sem þau voru kosin fyrir. Þetta var ódulín og harkaleg ádeila á þremmenningana. Í tillögunni sagði m.a. að þau

